



## 342. fundur Afrekssjóðs ÍSí 28. október 2025 kl. 12.10

### Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Daníel Jakobsson (DJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

BJ yfirgaf fundinn kl. 12.30. DJ yfirgaf fundinn kl. 12.59.

### 1. Verklag við umsóknir

Umræða fór fram um verklag við fundi með sérsamböndum vegna umsókna í ASJ. Tenging AMÍ (áður afrekssviðs) við sjóðinn hefur aðeins breyst undanfarin ár eftir að starfsmaður sjóðsins er ekki starfsmaður AMÍ. Nú þegar AMÍ er að komast í gang og ný verkefni samhliða, þarf að gæta að því að samtal sé gott á milli AMÍ og ASJ.

Gæta þarf armlengdar og að meginþungi efnislegrar vinnu við umsóknir og samskipta við sérsamböndin fari fram hjá AMÍ. Svo komi fullbúnar umsóknir til ASJ til afgreiðslu. ASJ væri þó sjálfstæð eining og tekur ákvörðun sem lögð er fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

### 2. Önnur verkefni ASJ.

Umræða fór fram um önnur verkefni ASJ. Í úthlutunarreglum um starfslaun afreksíþróttafólks og afreksþjálfara kemur fram að ASJ annist úthlutun úr sjóðnum, þ.e. geri tillögu um úthlutun með hliðsjón af afstöðu AMÍ og leggi fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

Í úthlutunarreglum vegna kostnaðarþátttöku ungmenna er ekki minnst á aðkomu ASJ.

### 3. Staða umsókna.

Hlekkur á umsóknir var sendur til sérsambanda 18. október. Umsóknarfrestur var gefinn til 1. nóvember. 16 sérsambönd eru byrjuð að vinna í sinni umsókn og 2-3 hafa fengið nokkura daga frest.

### 4. Erindi frá sérsamböndum.

Óformlegt erindi barst frá STÍ varðandi mögulega niðurfellingu á styrk vegna námskeiðskostnaðar sem færðist yfir áramót í bókhaldi. Talið rétt að fella ekki niður styrkinn þar sem námskeiðið fór sannanlega fram á árinu skv. áætlun þrátt fyrir að námskeiðshaldari hafi gefið út reikninginn á nýju ári.

### 5. Flokkun sérsambanda

Umræða fór fram um flokkun sérsambanda í afreksflokka. Nokkur sérsambönd sem hafa verið að bæta árangur sinn og gætu verið að færast upp um flokk.

**6. Flokkun móta.**

Umræða fór fram um flokkun móta. Hvaða mót eru ígildi undankeppni stórmóta og ættu að fá hærri styrk en önnur mót.

**7. Niðurfellingar vegna ÓL 2024.**

Umræða fór fram um gagnrýni á niðurfellingar þegar ekki var farið á ÓL en styrkur hafði verið veittur vegna þess.

**8. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.15.